

Nd.

639. Breytingartillögur

[281. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. 3. gr. orðist svo:

Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. komi tvær málsgreinar:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarféлага á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð af heildarlaunum sjóðfélagsins hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

Í 2. málslið síðustu mgr. 10. gr. laganna standi „3. mgr.“ í stað „5. málsg.“

2. Á eftir 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:

2. málsg. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðféлага, er starfað hafa samkvæmt bátakjarasamningum, þó með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í viðkomandi starfsgrein. Ríkissjóður o. s. frv.

3. mgr. ákvæða til bráðabirgða (sbr. lög nr. 15/1980) orðist svo:

Árin 1980—84 breytast elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur skv. lögum þessum ársfjórðungslega þannig, að lífeyrir miðast við grundvallarlaun skv. 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. jan., 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. og 1. des. 1980, og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. ár hvert. Frá 1. jan. 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

3. Við fyrirsögn. Frumvarpið beri heitið:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 15/1980, um breyting á þeim lögum.